

Sp. 34. Tillaga til þingsályktunar

um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta halda áfram sjómælingum og rannsóknunum fiskimiða í nánd við Ísland á næsta sumri.

Heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór við rannsóknir þessar. Einnig heimilast ríkisstjórninni að greiða af tekjum ríkissjóðs þann kostnað, sem af rannsóknunum leiðir.

Á s t æ ð u r .

Á Alþingi 1936 flutti ég þingsályktunartillögu um sama efni og þessi tillaga fjallar um. Náði hún samþykki þingsins, og fóru síðan fram rannsóknir samkvæmt því, sem í tillögunni var mælt fyrir um.

Þótt um byrjun væri að ræða, varð mikilsverður árangur af rannsóknunum síðastl. sumar. Virðast svo miklar hagsmunavonir fyrir Ísland bundnar við slíkar rannsóknir sem þessar, framkvæmdar af Íslendingum sjálfum, að alveg sé sjálf-sagt að halda þeim áfram.